

# MÁTTUR ORÐA

## Lykilspurning

Hvað ættir þú að gera þegar einhver notar ljót eða særandi orð á internetinu?

## Kennsluskipulag

Nemendur (frá 4. bekk) þurfa að hafa í huga að þegar þeir eru á netinu á sínum uppáhalds vefsíðum, gætu þeir átt von á því að fá skilaboð frá öðrum krökkum sem geta látið þeim líða illa, þeir gætu orðið daprir eða reiðir eða jafnvel hræddir. Nú munu þeir kanna leiðir til þess að læra að bregðast við þegar einhver stundar einelti á netinu.


Nemendur ræða ýmsar leiðir þar sem þeir nota tæknina til samskipta, setja sig í spor annarra barna sem eru lögð í einelti á leikjavefsíðum fyrir krakka, og kanna hvað er líkt og ólíkt með því þegar maður hittir einhvern „augliti til auglits“ og á netinu. Nemendur nota svo hugstormun í svörum við neteinelti.

## Námsmarkmið

Nemendur eiga að geta:

- Sett sig í spor þeirra sem hafa fengið ljót og særandi skilaboð
- Geta sagt til um það hvenær farið er yfir strikið í tengslum við skaðlaus eða skaðleg skilaboð á netinu
- Framkalla lausnir þegar kemur að einelti á netinu






## Efni og undirbúningur

-  Skoðið myndbandið; „The power of Words“ (<https://www.common sense.org/education/lesson/the-power-of-words-3-5>)
- Ljósritaðu „Orð geta sært“ fyrir nemendur
- Ljósritaðu „Talaðu og taktu afstöðu“ fyrir nemendur
- Litir
- Strengur/band (lengd skólastofunnar)

Kynning (5 mín.)

Teiknaðu nokkra broskalla á      töfluna

Þú getur boðið nemendum að útskýra hvað hver broskall táknar

Broskall	Svör geta verið margvísleg
	Glaður, feginn, spenntur, ánægður o.s.frv.
	Reiður, brjáláður, pirraður, uppstökkur o.s.frv.
	Leiður, rólegur, afslappaður, einmana, áhugalaus o.s.frv.
	Leiður, óhamingjusamur, í uppnámi, þunglyndur, líður illa o.s.frv.
	Hissa, hræddur, í sjokki o.s.frv.

**Segðu** nemendum að ekki bregðist allir eins við í vissum aðstæðum, og jafnvel þó að einhver annar bregðist öðruvísi við en þeir myndu gera, þá ættu þeir ekki að gera litið úr tilfinningum annarra.

**Útskýrðu** fyrir nemendum að nú munið þið að horfa á myndband um það hvernig orð, hvort sem þau séu skrifuð eða sögð, geti haft áhrif á tilfinningar annarra.



**Sýndu** nemendum myndbandið „The power of words“ af vefsíðunni:  
<https://www.common sense.org/education/lesson/the-power-of-words-3-5>

## Spyrðu:

- Hefur einhver heyrt málsháttinn: „Sticks and stones may break my bones, but words will never hurt me“?

Hér getur verið sniðugt að þýða málsháttinn. Þýðingin getur verið eitthvað á þessa leið:  
„Prik og steinar geta brotið mín bein en orð munu mig aldrei særa“

Mismunandi svör frá nemendum.

- Hvað meinti Guts þegar hann sagði að stundum geta orð sært mann?

Þrátt fyrir að hann hafi sagt ; „Sticks and stones may break my bones, but words will never hurt me“, þá eru orð rosalega áhrifamikil. Stundum er erfitt að hunsa það ef einhver kallar mann ljótu nafni eða uppnefnir.

Maður getur verið sár og leiður.

Þú skalt **minna** nemendur á að hafa það í huga hvernig maður kemur fram við aðra á netinu.

### Hvert er vandamálið (15 mín)

**Skiptu** nemendum upp í hópa (4 í hóp), og láttu nemendur velja einn í hverjum hóp til þess að skrifa niður hugmyndir þeirra.

**Dreifðu** verkefnablaðinu **Orð geta sært** til nemenda. Láttu nemendur í hópunum lesa samtalið milli Bergs og Ebbu þar sem þau fá ljót skilaboð á leikjavefsíðu fyrir börn.

**Láttu** hvern hóp fyrir sig svara spurningunum, og síðan lesa upp fyrir bekkinn. Leitaðu eftir svörum þar sem ber á samúð í garð Bergs og Ebbu, og leggðu áherslu á að skilaboðin eru ljót og særandi og ættu að vera stoppuð.

**Þjóddu** nemendum að deila sögum frá eigin brjósti.

## Spurðu:

Hafið þið séð ljót skilaboð sem hafa verið sent til ykkar eða annarra á netinu? Segið okkur frá því, en ekki nota raunveruleg nöfn (ef einhverjir eru inni í skólastofunni sem sendu þessi skilaboð).

Mismunandi svör frá nemendum

Paraðu nemendur í tvö og tvö saman.

Þjóddu öðrum nemandanum að skrifa „Þú ert skrýttinn“ á blað, og svo láta féлага sinn fá blaðið. Segðu þeim að þau hafi verið að fá

skilaboð.

Spurðu:

Af hverju ætti einhver að skrifa „þú ert skrýttinn“?

Kannski er þetta einhver brandari; hann hefur kannski gert eitthvað skrýtið áður; hópur krakka er að stríða þessum; sá sem sendi textann/skilaboðið finnst hinn vera skrýttinn en þeir ekki að segja honum það augnlits til augnlits.

Hvernig leið þessum sem var kallaður skrýttinn?

Líklega hefur hinn verið að djóka, en kannski var hinn virkilega að stríða.

Nú á annar nemendanna úr hverju pari að segja við hinn „þú ert skrýttinn“ með brosi.

Spurðu:

Af hverju gæti þér liðið öðruvísi innanbrjósts ef þú sérð framan í hinn aðilann.

Það er öðruvísi að sjá framan í fólk því þá veit maður stundum hvort hinn sé að djóka eða ekki.

### Að fara yfir strikið (10 mín)

Leggðu bandið þvert yfir skólastofuna. Þú skalt biðja nemendur um að standa öðru megin við bandið. Svo skaltu biðja þá um að ímynda sér að þeir séu á netinu og einhver hafi sent þeim skilaboð, sem þú ætlir að lesa fyrir þá. Segðu nemendum að vera kyrrir ef þeim finnst í lagi með þessi skilaboð, fara yfir bandið ef þeim finnst að skilaboðið sé ekki í lagi, eða ef þau eru efins þá skulu nemendur standa á bandinu.

Lestu eftirfarandi skilaboð upphátt og láttu nemendur færa sig ef þeir vilja:

- Þú ert hálfviti
- Ég er að halda party og þér er ekki boðið
- Mér finnst þú með flotta klippingu
- Þú ert rosalega ljót/ur
- Takk fyrir ráðið. Gætir þú næst sagt mér þetta augliti til auglits heldur en að senda skilaboð?
- Ertu búin með heimavinnuna?
- Af hverju ertu svona lengi að klára þetta?
- Þú ert svo skrýtinn?

Farðu yfir með nemendum að þeir fari oft á netið bæði í sínum og tölvum til að spjalla, horfa á myndbönd, senda skilaboð, spila leiki og vinna heimavinnuna. En stundum verður orðbragðið ljótt og særandi. Skilaboð sem láta fólki líða illa, fara yfir strikið. Stundum koma þessi særandi orð óvart, en þegar fólk notar þessi tæki eins og internetið og snjallsíma til þess að viljandi koma öðrum í uppnám aftur og aftur, þá ert það orðið neteinelti eða netníð.

### Tölum og tókum afstöðu (10 mín)

Nemendur fara aftur í sætin sín.

Þú skalt ræða hve auðvelt það sé að vera reiður eða í uppnámi þegar einhver sendir manni ljót skilaboð á netinu.

Farðu yfir lykilhugtakið; netníð eða einelti á netinu. Útskýrðu að þeir sem standa fyrir einelti á netinu eru viljandi að reyna að láta öðrum líða illa, alveg eins og þegar einhver er að stríða manni. Þú getur rætt eftirfarandi hugmyndir um hvað hægt sé að gera þegar maður kemst í tæri við einelti á netinu:

- Róa sig niður getur verið góð hugmynd þegar maður fær ljót skilaboð á netinu. Taktu djúpan anda, teldu niður frá 10, stoppaðu og hugsaðu um hvað þú ættir að gera næst.
- Það er góð hugmynd að fá hjálp frá fullorðnum einstaklingi til þess að vita hvað skuli gera næst. Maður ætti aldrei að sjá sjálfur um að bregðast við neteinelti. Sá sem þú leitar til ætti að vera tilbúinn til að hlusta á þig og vera tilbúinn til að hjálpa þér að finna lausn. Fullorðnir eru sérstaklega góðir hlustendur og yfirleitt hafa þeir gott lag á að gefa góð ráð um hvað skuli gera.

- Það getur virkað að hunsa þann sem er að leggja mann í neteinelti. Þeir sem leggja í einelti finnast yfirleitt gott að fá athygli.
- Hvað sem þú gerir, mundu að vista skilaboðin, ekki eyða þeim. Annars er engin sönnun um hvernig var komið fram við þig.

Dreifðu *Talaðu og taktu afstöðu* verkefnablaðinu. Þú skalt hvetja nemendur til að búa til atriði þar sem einhver er vondur við annan á netinu og hvettu þau til að koma með lausn líka.

### Í lokin (5 mín)

Þú getur notað eftirfarandi spurningar til að komast að því hvernig nemendurnir skildu efnið.

Af hverju er það ekki góð hugmynd að senda einhverjum ljót skilaboð á netinu?

Vegna þess að sá sem fær skilaboðin gæti komist í uppnám, orðið leiður og sorgmæddur.

Af hverju getur fólk misskilið skilaboð sem það fær á netinu og það heldur en þegar fólk talast við andlits til andlits?

Vegna þess að þegar maður fær skilaboð á netinu þá sér maður ekki framan í þann sem sendir og veit þar af leiðandi ekki hvort sá hinn sami sé að grínast eða ekki.

Hvað geta krakkar gert ef þeir fá ljót skilaboð á netinu?

Þeir gætu 1) slakað á og tekið djúpan anda, 2) sagt vini eða fullorðnum einstakling sem getur hjálpað við lausn málsins, 3) hunsa þann sem sendir, 4) halda eftir afriti af skilaboðunum.